

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands haldinn í reiðhöll Gusts í Kópavogi, sunnudaginn 21. maí, kl. 14.

Fjöldi fundarmanna var 231.

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún sagði að fundurinn væri haldinn á sunnudegi til að koma til móts við ábendingar félaga utan af landi sem ættu erfiðara með að sækja fundi á kvöldin í miðri viku.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra

Jóna lagði til að Þorsteinn Þorbergsson myndi stýra fundinum. Samþykkt.

2. Skipan fundarritara

Jóna lagði til að Sigríður Bílddal yrði fundarritari. Samþykkt.

3. Lögmati fundarins

Þorsteinn sagði að fundarboð hefði farið út í Sámi 9. maí og að kjörgengi hefðu þeir sem hefðu greitt árgjaldið í síðasta lagi 12. maí.

4. Skýrsla stjórnar

Guðríður Valgeirsdóttir, ritari stjórnar flutti skýrsluna. Stjórn hefur komið saman til fundar 27 sinnum á árinu. Hún gerði grein fyrir helstu málum sem stjórn hefur fjallað um. Skýrslan mun birtast í heild sinni í Sámi.

Í máli Guðríðar kom fram að mikil aukning hefur verið í allri starfsemi félagsins á árinu sama hvort um er að ræða ættbóarskráningar, umskráningar, augnskoðanir, skapgerðarmat, hlýðnikeppni, þátttöku á sýningum eða annað. Ljóst þykir að vegna þessa þurfi að bæta við starfsmanni á skrifstofu á þessu ári.

Guðríður sagði frá málefnum hundaskólans og hvernig vinna við að skipuleggja hann hefði gengið til þessa.

Ýmislegt er á döfinni s.s. fleiri námskeið vegna sýninga, námskeið í dansi fyrir hunda, ræktunarnámskeið o.fl.

5. Ársreikningar

Ástrós Gunnarsdóttir, gjaldkeri HRFÍ gerði grein fyrir reikningum félagsins sem lágu frammi á fundinum. Hún gerði einnig grein fyrir áliti endurskoðenda.

Nokkrar spurningar bárust til gjaldkera m.a. af hverju áætlun launakostnaðar lækki frá 2005-2006

Ástrós svaraði að ástæðan sé að þetta séu raunveruleg laun en ekki gert ráð fyrir aukavinnu starfsmanna sem ekki sé hægt að sjá fyrir. Hún sagði einnig að ekki væri búið að taka ákvörðun um ráðningu nýs starfsmanns þess vegna væri það ekki í áætluninni.

Spurt var um hvort ekki væri hægt að sundurliða reikninginn t.d. til að skýra hvað felst í öðrum rekstrarkostnaði. Fundarstjóri svaraði því til að ársreikningurinn

myndi birtast ásamt skýringum í Sámi. Þorsteinn bar ársreikninginn og áætlunina upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

6. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Þorsteinn Þorbergsson sagði að siðanefnd hefði ekki skipt með sér störfum og myndi hann fjalla um starfsemina. Fjögur erindi bárust til siðanefndar á árinu. Öll málin voru leyst með sátt en ekki feldur úrskurður í neinu máli. Siðanefnd starfar í umboði aðalfundar og félagsmanna en ekki stjórnar. Félagsmenn geta leitað til siðanefndar ef ástæða þykir til.

Spurt hvað gerist ef kæra er borin á meðlimi siðanefndar. Þorsteinn svaraði því til að viðkomandi myndi víkja sæti meðan fjallað væri um málið.

7. Lagabreytingar

Þorsteinn lagði til að þarna yrði tekin fyrir tillaga sem lá fyrir á fundinum um stofnun nýrra ræktunardeilda.

Jóna Th. Viðardóttir kynnti málið og sagði að fyrir lægju tillögur um stofnun Schnautzer deildar, fjár- og hjarðhundadeildar og stofnun fuglahundadeildar fyrir allar tegundir standandi fuglahunda nema írskan seta. Í tillögunum felst að veiðhundadeild og deild enska setans verði lagðar niður og sameinist í fuglahundadeild.

Jóna bendi á að 2/3 hluta atkvæða þurfi til að samþykkja tillögurnar. Fundarstjóri lagði til að allar tillögurnar yrðu samþykktar í einu lagi. Enginn hreyfði mótmælum. Tillögurnar samþykktar samhljóða.

8. Kosningar

Fundurinn þarf að kjósa tvo aðila í aðalstjórn og einn í varastjórn. Sex aðilar eru í framboði og fundarstjóri leggur til að frambjóðendur fái tækifæri til að kynna sig í örfáum orðum.

Ástrós Gunnarsdóttir hefur verið félagsmaður frá 1984 og hefur starfað í ýmsum deildum, mest í retrieverdeild. Hún sagðist hafa starfað við sýningar félagsins, augnskoðunum, í skapgerðarmati og lokið námi sem leikmaður og prófstjóri. Hún sagðist hafa verið í stjórn félagsins s.l. tvö ár.

Guðríður Valgeirsdóttir gerðist félagsmaður í HRFÍ 1978. Hún hefur verið í stjórn í 10 ár og ritari í ný ár. Hún hefur starfað í ólíkum deildum, sinnt ýmsum störfum á sýningum, verið fulltrúi stjórnar í stjórn DÍF og setið fundi NKU. Hún vill að aðgengi félagsmanna verði bætt og þar með verði hægt að fá fleiri til starfa í félaginu. Hún vill beita sér fyrir að hundahald verði leyft í bæjarfélögum landsins og að reglur um hundahald verði mótaðar með ítökum HRFÍ. Hún vill að félagið fái eigið húsnæði fyrir alla starfsemi s.s. skrifstofu, hundaskóla. Hún leggur áherslu á að bæta fræðslu fyrir félagsmenn og hlúa betur að unglिंगastarfinu.

Pétur Alan Guðmundsson er formaður veiðihundadeildar og dómari á veiðiprófum. Hann hefur verið viðloðandi HRFÍ í 12 ár, fyrst í íþróttadeild en síðan í fleiri deildum. Hann sér fyrir opnara félag, hópa sem starfa sjálfstætt en fylgi lögum og reglum HRFÍ. Hann vill koma á póstkosningu við stjórnarkjör. Pétur telur að það þurfi að efla unglिंगastarfið innan félagsins og að það þurfi að

breyta samþykkt um hundahald þannig að hundahald verði leyft. Hann vill sjá félag með öflugra starfsemi og öflugan hundaskóla.

Sigurður Benedikt Björnsson hefur setið í stjórn HRFÍ, var í retrieverdeild í sex ár og formaður veiðihundadeildar í fjögur ár. Hann vill að fulltrúar deilda fái tækifæri til að starfa sjálfstæðar en í dag.

Sigurður Magnússon hefur verið í félaginu í 11 ár, setið í stjórn veiðihundadeildar og retrieverdeildar og verið formaður retrieverdeildar s.l. þrjú ár. Hann hefur lokið námi sem dómari á veiðiprófum fyrir retriever hunda. Sigurður hefur orðið var við að almennum félagsmönnum finnst að rödd þeirra heyrst ekki og er með hugmyndir sem auka sjálfstæði deilda.

Valgerður Júlíusdóttir er hvolpa-, grunn- og hlýðnikennari. Hún hefur starfað í tíbet spaniel deild, deild írsku setans, retriever deild og er í stjórn deildar írsku setans. Hún hefur setið í stjórn félagsins í fjögur ár. Hún vill vinna auknu aðgengi félagsmanna að HRFÍ, efla hundasýningar og aðra starfsemi félagsins, berjast fyrir leyfi hundahalds. Valgerður sagði að HRFÍ standi nú á tímamótum. Það er aukning í starfseminni sem kallar á meiri þjónustu við félagsmenn. Styrkja þarf ytra starf og ásýnd félagsins til muna og huga að því að komast í eigið húsnaði.

Fundarstjóri kynnti tilhögun kosninga um aðalmenn í stjórn. Talning fór síðan fram á fundinum og atkvæði féllu þannig:

Guðríður Valgeirsdóttir, 129 atkvæði
Valgerður Júlíusdóttir, 116 atkvæði
Pétur Alan Guðmundsson, 108 atkvæði
Sigurður Magnússon, 107 atkvæði
Einn seðill auður og enginn ógildur.

Eftirfarandi aðilar buðu sig fram í varastjórn:

Ástrós Gunnarsdóttir
Sigurður Benedikt Björnsson
Pétur Alan Guðmundsson
Sigurður Magnússon

Sigurður Benedikt Björnsson, Pétur Alan Guðmundsson og Sigurður Magnússon drógu framboð sitt til varastjórnar til baka á fundinum. Ástrós var því ein í kjöri til varastjórnar.

Kosning endurskoðenda og skoðunarmana HRFÍ. Núverandi aðalmenn eru: Kristín Sveinbjörnsdóttir og Þorsteinn Þorbergsson. Varamenn: Magnús Jónatansson og Gunnar B. Gunnarsson

Einn fundarmanna gerði athugasemd við að Magnús væri varaendurskoðandi félagsins. Hann stakk upp á Margréti Dögg Halldórsdóttur sem varaendurskoðanda. Magnús styður þetta heils hugar. Samþykkt samhljóða.

Kosning síðanefndar

Í siðanefnd sitja: Guðrún Hafberg, Þorsteinn Þorbergsson, Auður Valgeirsdóttir, Kristín Jónasdóttir og Þórdís Bjarnadóttir
Allir gefa kost á sér áfram. Engin önnur framboð bárust þannig að siðanefnd verður svo skipuð áfram.

9. Önnur mál

Fundarstjóri sagði að málefni sem á að ræða undir liðnum önnur máli þurfi að hafa borst stjórn fimm dögum fyrir aðalfund. Eitt mál uppfyllir þetta skilyrði.

Guðríður Magnúsdóttir, Viðvík í Skagafirði hefur sent inn eftirfarandi tillögu til umræðu.

Að tekin verði upp utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir þá sem búa út á landi vegna kosninga á aðalfund HRFÍ og að tillagan fái frekari útfærslu hjá stjórn HRFÍ.

Guðrún Guðjohnsen tók til máls og sagði að tillagan væri mjög góð og hana hefði sviðið að öll starfsemi félagsins færi fram í Reykjavík. Guðrún telur að svæðafélög eigi að vera starfandi sem víðast úti á landi þannig að hægt sé að hafa starfsemina sem víðast.

Fundarstjóri benti á að breyta þurfi lögum félagsins til að þetta sé hægt. Hann sagði svæðafélög hafa átt að sjá um ýmiss konar starfsemi utan höfuðborgarinnar. Hann lagði til að laganefnd verði virkjuð þannig að hægt verði að koma til móts við tillögurnar.

Ragnar Sigurjónsson sagði að með nýrri tækni væri hægt væri að vera með rafræna kosningu. Hver félagsmaður fengi úthlutað lykilorði til að kjósa.

Jóninna Hjartardóttir óskar nýkjörinni stjórn til hamingju og var ánægð að fólk sem er í kjöri segi frá sínum áherslum. Margir hefðu talað um að rödd almennra félagsmanna fengi ekki að heyrast. Hún telur að innan deilda sé þetta ekki haft í fyrirrúmi. Innan deildanna skapast rígur, leiðindi sem fæli hinn almenna félagsmann frá. Deildin á að aðstoða ræktendur, leiðbeina ræktendum og standa við bakið á þeim. Hún beinir orðum sínum sérstaklega til formanns retrieverdeildarinnar. Hún óskar eftir að formaður retrieverdeildarinnar svari eftirfarandi spurningum. Hún spurði af hverju got væru ekki auglýst á vefsíðu retrieverdeildarinnar eins og dæmi væru um. Hún sagði þetta hafa gerst oft en einu sinni. Hún spurði einnig af hverju stjórn deildarinnar skoðaði ekki got eins og verið hefði hér áður fyrr.

Fundarstjóri óskar eftir að tillagan sem barst verði borin undir atkvæði áður en umræður hefjist um önnur mál. Fundarstjóri ber tillöguna upp. Tillagan samþykkt með meirihluta atkvæða. Einn á móti.

Sigurður Magnússon óskar nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Hann hefði viljað að erindið hefði borist inn á stjórnarfund retrieverdeildar en er ánægður með að fá að svara þessu hér. Stjórnin hefur ákveðnar reglur til að fara eftir

varðandi þörunarbeiðnir. Ef öllum skilyrði eru uppfyllt þá eru got auglýst á vefsíðunni ef ræktendur óska eftir því.

Magnús Jónatansson óskaði stjórninni til hamingju með endurkjörið og öðrum með þessa góðu kosningu sem þeir fengu. Hann tekur til máls um málefni hundaskólans. Í lögum félagsins stendur að HRFÍ starfræki hundaskóla. Nú hefur einkareknum hundaskólum fjölgað í landinu. Magnúsi finnst tvennt koma til greina varðandi hundaskólann. Annars vegar að hann starfi samkvæmt lögum HRFÍ og kennarar félagsins sjái um kennsluna og séu ekki í kennslu annars staðar. Ef að hundaskóli HRFÍ vill ekki vera í samkeppni við einkareknu skólanna og að þeir fái að njóta sín þá sé hægt að hafa það þannig að öll próf í einkareknu skólunum séu undir stjórn HRFÍ. Félagið myndi hafa umsjón með skólunum og fá viðurkennda aðila til að halda próf. Prófin færu fram undir handleiðslu HRFÍ. HRFÍ myndi síðan viðurkenna þann skóla sem stæði sig best. Eins og ástandið er núna þá skapar það sundrunu í félaginu.

Þorsteinn Þorbergsson sammála Magnúsi. Hann sagði að félagsmenn ættu að vera félagsskapur sem sér um að halda úti góðri hundamenningu. Við eigum að hafa starfandi einstaklinga sem mennti leiðbeinendur. Félagið þarf að geta vottað skólana, vottað prófin undir merkjum félagsins. Umbunin fyrir einkaskólana væri að félagið auglýsi þá. Hægt væri að bjóða einstaklingum að skrá sig á námskeið hjá HRFÍ og félagið myndi vísa á skólana. Skólanefnd hundaskólans yrði því einhvers konar námskrárnefnd. Þorsteinn beinir til stjórnar að skoða málið. Samþykkt.

Jóninna Hjartardóttir óskaði eftir því að formaður retrieverdeildar svaraði af hverju stjórn retrieverdeildar skoðaði ekki got hjá retriever hundum.

Árni Árnason spurði af hverju dómur á ungum sýnendum og dómur tegunda skarast á sýningu þannig að ekki væri mögulegt að vera nema á öðrum staðnum þrátt fyrir að skráning væri á báðum.

Jóna svarar að ekki sé hægt að segja til um hvenær dags ungir sýnendur verði eða ræktunardómur tegunda. Þetta er ekki ákveðið fyrir en skráningu er lokið þar sem ekki er ljós hver fjöldi hunda verður á sýningunni. Jóna sagði að reynt yrði að leysa málið á næstu sýningu.

Sigurður Magnússon ætlar ekki að tjá sig um einstök málefni sem varða retrieverdeildina en sagði að í þessu tilviki hefði tíkin ekki uppfyllt þær reglur sem settar eru varðandi got. Þau got eru ekki auglýst á vefsíðunni. Sigurður sagði að það væri móðgun við félagsmenn sem fara að reglum ef hygla eigi hinum sem ekki gera það. Hann benti á að ekki væri hægt að skoða öll got því sum þeirra væru úti á landi og hver ætti að bera kostnað af því?

Sigurður Benedikt óskaði nýrri stjórn til hamingju. Hann bauð sig fram til starfa við uppbyggingu hundaskólans. Hann nefndi líka að það þyrfti stundum að leita út fyrir það sem HRFÍ getur boðið upp á.

Guðríður Valgeirsdóttir þakkaði fyrir stuðninginn í kosningunni. Hún þakkaði Sigurði Benedikt fyrir áhuga á málefnum hundaskólans og fagnaði því.

Guðrún Guðjohnsen sagðist ánægð með þann kraft sem býr í félaginu og vill þakka stjórn fyrir starfsemina og fjárhag félagsins sem hefur aldrei verið betri. Hún benti á nafn félagsins sem væri hundaræktarfélag og það þýddi í hennar huga að rækta hunda og að leggja rækt við hundana okkar.

Jóna Th. þakkaði Guðrúnu Guðjohnsen góð orð til stjórnar og þakkaði frambjóðendum og fundarmönnum fyrir góðan og málefnalegan fund.

Fundi slitið kl. 17.

Sigríður Bílddal, ritari